

Leiðin til sjálfstæðis

er fyrst og fremst sú, að vera
hagsýnn í peningasökum.

Enginn kemst af án matar og
drykkjar. Engin kemst eins vel
af og sá, sem daglega skiptir við

Heitt & Kalt,

Veltusundi 1.

Tveir heitir réttir matar á
1 krónu allan daginn. Smurt
brauð í 50 auru og 1 krónu
böglum.

Nesti til ferðalaga útbúið
samkvæmt óskum.

Kaffið hvergi heitara,
Ölið hvergi kaldara.

Engin ómakslaun.
Sími 350.

Frá þingi


Sambands ungra Sjálfstæðismanna

1932

Útgefandi:

Samband ungra Sjálfstæðismanna

Reykjavík 1932



Efnisyfirlit.

	Bis.
1. Þingsetning	3
2. Þingmenn	7
3. Kosning forseta og skrifara	13
4. Skýrsla formanns	13
5. Skýrsla gjaldkera og samþykkt reikninga	20
6. Skýrslur um félögin	21
7. Nefndakosningar	29
8. Fundir og meðferð mála	31
9. Ályktanir um landsmál	38
10. Kosningar	54
11. Þinglausnir	54
12. Samkvæmi	59

Þingtiðindi þessi eru sérprentun úr Heimdalli, blaði ungra Sjálfstæðismanna.



1. Þingsetning.

2. þing Sambands ungra Sjálfstæðismanna hófst 11. febr. 1932. Er þingmenn höfðu safnast saman í Varðarhúsinu kl. 5 um daginn, kvaddi formaður sambandsins sér hljóðs. Fer hér á eftir ræða hans:

„Ungir Sjálfstæðismenn! Velkomnir til þessa þings. Megi heilladísir lands vors gleðjast yfir störfum yðar á þessu þingi, og jafnan síðan.

Nú eru senn liðin tvö ár, síðan Samband ungra Sjálfstæðismanna var stofnað. Það var á alþingishátíðinni á Þingvelli, við Öxará. Þá var bjart yfir hugum Íslendinga, og sólbros yfir Þingvelli.

Síðan hefir margt breytzt. Nú er margt það fram komið, er fáir einir munu hafa búizt við þá. Nú er ástandið í landi voru hörmulegra og horfurnar dapurlegri, en nokkru sinni íyrr í náinni fortíð.

Skiptir það og litlu máli um breytinga-
tillögurnar, því að yfirleitt voru menn
mjög á eitt sáttir um það, hvað rétt-
ast væri að leggja til hvers máls.

Hér á eftir eru hinsvegar birtar orð-
réttar ályktanir þær, sem gerðar voru
á þinginu um almenn landsmál.

9. Ályktanir um landsmál.

Sjálfstæðismál.

Sambandsþingi ungra Sjálfstæðis-
manna er ljós sú hætta, er þjóð vorri
stafar af sambandinu við Dani, og
heitir þingið því á alla góða Íslend-
inga:

1. Að vinna kröftuglega að því, að
sambandslagasamningurinn verði
úr gildi felldur þegar í stað eða svo
fljótt sem þess er nokkur kostur.
2. Að berjast fyrir því, að íslenzkum
kjósöndum verði ljós nauðsyn þess,
að fjölmenna á kjörstaði og greiða
atkvæði með uppsögn samningsins
1943, ef hann verður þá í gildi.
3. Að vinna að því, að íslenzkum rík-
isborgurum verði sem bezt tryggð
full ráð yfir auðsuppsprettum
landsins og þeim atvinnufyrirtækj-
um, er starfa í landinu.

4. Að leggja fram alla krafta sína til
þess að bjarga fjárhag þjóðar og
einstaklinga, svo að hið fjárhags-
lega sjálfstæði landsins glatist ekki.

Lýðveldi.

Samband ungra Sjálfstæðismanna
lýsir sig eindregið fylgjandi því, að Ís-
land verði gert að lýðveldi þegar að
fengnum sambands slitum.

Utanríkismál.

Samband ungra Sjálfstæðismanna
skorar á þingmenn flokksins að beita
sér fyrir því:

1. Að sá ráðherra, sem fer með utan-
ríkismál, beri heitið: Utanríkisráð-
herra.
2. Að sérstök skrifstofa verði sett á
stofn fyrir utanríkismál, og fyrir
hana verði jafnan valinn, eftir til-
lögum utanríkismálanefndar, sá
hæfasti maður, sem Íslendingar
eiga kost á.
3. Að þegar verði tekið til ýtarlegrar
rannsóknar, á hvern hátt íslenzk-
um utanríkismálum verði hagkvæm-
ast og ódýrast fyrir komið, að
fengnum sambands slitum.
4. Að utanríkismálanefnd velji unga
hæfileikamenn til þess að starfa við

danskar sendisveitir og gæta þar hagsmuna Íslands.

Sambandsþingið skorar á þingmenn Sjálfstæðisflokksins að hlutast til um að hagsmuna Íslands verði gætt til hins ýtrasta í Grænlandsdeilunni.

Landhelgismál.

Samband ungra Sjálfstæðismanna lítur svo á, að Ísland eigi nú þegar þann skipakost til landhelgisgæzlu, að það geti á eigin hönd rækt örugga landhelgisvörn.

Ennfremur álitur þingið þjóð vorri vansæmd að því, að erlend ríki fari með lögregluvald í íslenskri landhelgi.

Felur þingið sambandsstjórn að fá menn úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins til þess að flytja á næsta þingi til lögu um það, að Ísland noti nú þegar rétt sinn samkv. sambandslögunum til þess að taka landhelgisgæzluna í sínar hendur að öllu leyti.

Kjördæmamál.

Samband ungra Sjálfstæðismanna skorar eindregið á þingmenn flokksins að láta einskis ófreistað til að koma fram, þegar á næsta þingi, þeim umbótum á kjördæmaskipuninni, er tryggi það, að allir stjórnmálaflokkar

hljóti þingsæti í réttu hlutfalli við atkvæðamagn þeirra um land allt.

Jafnframt heitir sambandsþingið þingmönnum flokksins hinum ýtrasta stuðningi ungra Sjálfstæðismanna til allra þeirra ráðstafana, er nauðsynlegar kunna að verða álitnar til að ná fullu réttlæti í þessu máli.

Áfengismál.

Með því að sambandsþing ungra Sjálfstæðismanna lítur svo á, að refsingar áfengislaganna séu í misræmi við refsingar hegningarlaganna, og með því ennfremur, að það lítur svo á, að réttarfar áfengislaganna sé í ósamræmi við almennar réttarfarsreglur, og loks með því að þingið álitur, að þó að það sé því fylgjandi, að bannlög séu sett, þegar þau eru í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar, miði þau ekki til að breyta henni, — þá lýsir II. þing Sambands ungra Sjálfstæðismanna yfir því, að það vill, að áfengislögin séu afnumin.

Fjárhagsmál.

Samband ungra Sjálfstæðismanna skorar eindregið á miðstjórn og þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að þeir beiti sér fyrir því, að næsta Alþingi:

1. Taki upp skynsamlega og sam-

vizkusamlega fjármálastefnu, þar sem gætt sé alls sparnaðar á ríkisfé.

2. Leggi niður tafarlaust öll bitlinga-embætti og stöður, sem Framsóknarflokkurinn hefir sett á stofn.
3. Banni ríkisstjórninni að nota varðskipin til snattferða, enn fremur sé bílakostnaður og ferðakostnaður ríkisstjórnarinnar takmarkaður.
4. Gjöri ráðstafanir til þess að ríkis-sjóði verði ekki íþyngt meir en orðið er með byggingaflani stjórnarinnar.
5. Leyfi ekki stjórninni að skipa nefndir til þess að vinna þau verk, er ríkisstjórninni er ætlað að leysa af hendi og hún tekur laun fyrir.
6. Skemmi í engu núgildandi tolla og skattalöggjöf, heldur reyni að lækka skattana.
7. Stefni að algjörlega skuldlausum ríkisbúskap.
8. Beiti sér fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög spari í hvívettna.
9. Skipi nefnd til rannsóknar á fjárbrúðli ríkisstjórnarinnar á undanfórnum árum og þá einkanlega fyrir árið 1930. Enn fremur athugi

nefndin, hvort þeir sjóðir, er ríkisstjórninni ber að varðveita, séu ennþá í hennar vörslum óeyddir. Nefndin sé skipuð hlutlausum, bókhaldsfróðum og lögfróðum mönnum.

Verzlunarmál.

I. Sambandsþingið lýsir yfir því, að það er eindregið á móti allskonar einkasölu og leggur til að einkasala ríkisins á tóbaki, áburði og víðtækjum verði lögð niður hið fyrsta.

II. Sambandsþingið lýsir megnri óánægju sinni yfir innflutningshöftun og telur, að þau hafi verið algjörlega óþörf og ekki þröð að því gagni, sem til var ætlaðt og vill sérstaklega benda á:

1. Að þegar áður en höftin voru sett hafði innflutningur farið minnkandi t. d. hafði hann lækkað um 38% fyrstu 9 mán. ársins 1931, borið saman við sömu mánuði árið 1930.
2. Að það hefir þegar komið í ljós, að höftin hafa aukið dýrtíð í landinu og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr henni.
3. Að fjöldi manna hefir misst atvinnu þeirra vegna.

4. Að flokkun á vörum hefir verið mjög óvandvirknisleg, t. d. bannaðar ýmsar þarfar vörur, en aftur á móti leyfðar ýmsar óþarfar vörur.

III. Sambandsþingið lítur svo á:

1. Að athugavert sé, hve sjálfskuldarábyrgð samvinnufélaga er orðin víðtæk, t. d. í sambands kaupfélögum.
2. Að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir áframhaldandi skuldasöfnun við verzlunir.
3. Að nauðsynlegt sé að athuga, hvort verzlunarfyrtæki muni hlutfallslega hafa jafnan aðgang að rekstrarfé í aðalbönkunum.
4. Að ekki verði komið hjá að endurskoða lög um skatta og útsvarsálagning á verzlunarfyrtækjum og þau samrýmd á sem beztan hátt.

IV. Sambandsþingið telur brýna nauðsyn á því, að menntun verzlunarmanna verði komið í sem bezt horf hið fyrsta.

Sjávarútvegsmál.

1. Samband ungra Sjálfstæðismanna telur brýna nauðsyn bera til þess, að útgerð landsmanna verði styrkt af

bönkum og lánsstofnunum eins og undanfarin ár.

2. Vegna mikilla örðugleika sjávarútvegsins, telur Samband ungra Sjálfstæðismanna nauðsynlegt að beinir og óbeinir skattar, sem hvíla á útgerðinni, verði lækkaðir að verulegum mun. Einkum virðist rétt að afnema tolla á kolum, salti, veiðarfærum og öðrum útgerðarnauðsynjum, svo og útflutningsgjald af sjávarafurðum.

3. Samband ungra Sjálfstæðismanna lýsir ánægju sinni yfir afnámi Síldareinkasölu Íslands, og skorar á þingmenn Sjálfstæðisflokksins að hlutast til um að síldarverzlunin verði frjáls gefin.

4. Samband ungra Sjálfstæðismanna álitur æskilegt, að fisksölusamlög séu stofnuð sem víðast á landinu, en mót-mælir öllum afskiptum ríkisvaldsins af afurðasölu sjávarútvegsins. Telur Samband ungra Sjálfstæðismanna, að víti Síldareinkasölnnar séu hér til varnaðar.

5. Samband ungra Sjálfstæðismanna skorar á þingmenn Sjálfstæðisflokksins að hlutast til um, að Íslendingum verði veitt undanþága frá tolli á fiski innfluttum til Bretlands. Enn fremur

verði leitað framlengingar á söluleyfi íslenzks fisks í Þýzkalandi.

Landbúnaðarmál.

Sambandsþing ungra Sjálfstæðis-
manna ályktar:

1. Að Sjálfstæðisflokkurinn skipi nú þriggja manna nefnd til að rannsaka ýtarlega hag bænda og verzlunarviðskipti þeirra, og gera tillögur um, á hvern hátt bændur verði leystir úr skuldaviðjum og fjárhagur þeirra tryggður í framtíðinni. Skal nefndin hafa lokið störfum sínum svo tímanlega, að hægt sé að leggja tillögur hennar fyrir Alþingi eigi síðar en 1933.
2. Að nauðsyn beri til að landbúnaðinum verði sem fyrst komið í nýttízkú horf og öruggs markaðs aflað fyrir afurðirnar. Ennfremur að ungir menn verði styrktir til náms erlendis í helztu nýjungum á sviði atvinnuveganna, svo og til að rannsaka, á hvern hátt væri tiltækilegt að bæta verkun á landbúnaðarvörum, til þess að gera þær verðmætari, og loks að stofnuð verði deild í íslenzkum atvinnufræðum við Háskólann.
3. Að skuldaverzlun sé eitt af því,

- sem fjárhagslegu sjálfstæði bænda stafi mest hættu af, og leggja verði allt kapp á að útrýma. Til þess að það geti tekizt, þurfa bændur m. a. að eiga kost á ódýrum og hagkvæmum rekstrarlánum. Rekstrarlán þau, er Búnaðarbankinn veitir, eru bændum svo dýr og óhentug, vegna hinnar óhagstæðu lántöku ríkisstjórnarinnar, að ekki er viðunandi. Auk þess er nú komið á daginn, að peningar þeir, er renna áttu til Búnaðarbankans, hafa alls ekki þangað farið, og bankanum því ókleift að bæta úr brýnustu þörfum bænda, ekki einu sinni með hinum óhagkvæmu og dýru lánskjörum. Telur þingið því óumflýjanlegt að útvega bændum, svo fljótt sem unnt er, hagkvæmari rekstrarlán.
4. Að lýsa yfir því, að það telur raforkuveitur til almenningsþarfa ómissandi þátt í ráðstöfunum til viðreisnar landbúnaðinum og vill af alefli vinna að því, að hraðað verði svo verklegum og fjárhagslegum undirbúningi þess máls, sem unnt er.
 5. Að með því að svo miklum útgjalda-

byrðum hefir verið hlaðið á ríkissjóðinn í tíð núverandi stjórnar, og með því að felldar hafa verið fjárveitingar til verklegra framkvæmda í sveitum landsins, svo sem vega, brúa og síma, þá beri að krefjast þess, að afnumin verði nú þegar þau margvíslegu, óþörfu embætti og önnur algerlega óþörf eyðsla á fé ríkissjóðs, sem núverandi stjórn hefir til stofnað, svo unnt verði að halda áfram verklegum framkvæmdum.

6. Að nauðsynlegt sé að vinna að því, að hið opinbera hagi svo framkvæmdum sínum, að gætt sé þeirrar tvöföldu skyldu að forðast á veltiárunum að stofna til óeðlilegrar og skaðlegrar samkeppni við atvinnurekstur landsmanna, og að dregið verði úr vandræðum verkalyðsins með auknum framkvæmdum ríkisins á krepputímum.
7. Að lýsa yfir því, að það vill styðja samvinnufélög, er keppa að því að reka skuldlausu verzlun og starfa í frjálsri samkeppni, enda haldi félögin sér utan við stjórnsmál og önnur almenn deilumál, og telur þess fulla þörf, að stofnuð verði slík

félög í ýmsum héruðum á landinu, til að bjarga almenningi undan þeirri verzlunar- og skoðanakúgun, sem nú er að verða víðsvegar ríkjandi.

8. Að bættar samgöngur milli sveita og bæja, sé einhver sterkasti þáttur í viðreisn landbúnaðarins, og skorar það á þingmenn flokksins að vinna af alefli að því, að vegakerfi landsins verði aukið og endurbætt, svo sem frekast er kostur.

Samgöngumál.

1. Sambandsþing ungra Sjálfstæðismanna lítur svo á, að nauðsyn beri til þess að auka mjög og endurbæta vegakerfi landsins.
2. Þingið lítur svo á, að brýna þörf beri til að auka hafnargerðir og víta- og sjómerkjakerfi landsins.
3. Þingið skorar á alla góða Íslendinga að efla og styrkja Eimskipafélag Íslands með því, að láta það sitja fyrir öllum viðskiptum.
Ennfremur skorar þingið á þingmenn Sjálfstæðisflokksins að beita sér fyrir því, að Eimskipafélagi Íslands verði fengnar í hendur þær strandferðir, er ríkið heldur uppi.
4. Loks vill þingið láta þá ósk sína í

ljós, að takast megi sem fyrst að koma á reglubundnum flugferðum hér á landi, án þess að af því leiði ríkisrekstur eða veruleg ríkisútgjöld.

Iðnaðarmál.

I. Þar sem iðnaðarmönnum hefir fjölgað mjög á undanförunum árum og það sýnt sig nú þegar, hversu mikla þýðingu iðnaður hefir fyrir verzlunarjöfnuð landsins, þá ber að leggja allt kapp á að koma iðnaðarmálum vorum í sem bezt horf, svo að iðnaðurinn verði lífvænlegur fyrir landsmenn og samkeppnisfær við útlendan iðnað, þá skorar sambandsþing ungra Sjálfstæðismanna á þingm. Sjálfstæðisflokksins að beita sér fyrir eftirfarandi:

1. Að tollalöggjöfin verði rannsökuð og samrýmd á þann veg, að ekki geti komið til greina, að hún íþyngi innlendum iðnaði á nokkurn hátt.
2. Að kosin sé sérstök fastanefnd á Alþingi, er fari með iðnaðarmálin.
3. Að aukinn verði styrkur til iðnskóla og utanfara ungra, efnilegra iðnaðarmanna til að fullnuma sig í iðn sinni, og að iðnráðið geri tillögur um úthlutun styrks þessa.
4. Að veittur sé ríflegur styrkur til

iðnskólabyggingar í Reykjavík á næstu þingum.

5. Að greitt verði fyrir lánnum til iðnreksturs.
6. Að frumvarp til laga um breyting á lögum um iðju og iðnað, sem fram kom á síðasta þingi, og flutt var af þeim Magnúsi Jónssyni, Einari Arnórssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni, verði tekið upp aftur á næsta Alþingi.

II. Samb. ungra Sjálfstæðismanna skorar á iðnráð og viðkomandi yfirvöld að þau sjái svo um, að lögum um iðnaðarnám sé fullkomlega framfylgt og iðnrekendur taki aldrei útlenda iðnaðarmenn eða verkamenn í þjónustu sína, þegar íslenzkir iðnaðarmenn eru fáanlegir.

Menntamál.

1. Samband ungra Sjálfstæðismanna telur nauðsynlegt, að kennd sé leikfimi í öllum skólum landsins og sund þar, sem því verður við komið.
2. Sambandsþingið leggur áherzlu á, að haft verði betra eftirlit með kvöld- og unglingaskólum þeim, er þiggja styrk úr ríkissjóði, en hingað til hefir verið gert.

3. Sambandsþingið telur sig hlynnt því, að hæfilega margir alþýðuskólar starfi á heppilegum stöðum úti um sveitir landsins, en vítir hinsvegar mjög þá óvarfærni stjórnarinnar, að hafa á skömmum tíma stráð niður í sveitunum mörgum rándýrum skólahúsum að því óathuguðu, hvort sveitirnar séu færar um að standa straum af þeim hluta kostnaðar við skólana, sem þeim að lögum ber að gera.
4. Sambandsþingið telur nauðsynlegt, að starfræktur að minnsta kosti einn fullkominn gagnfræðaskóli í hverjum landsfjórðungi.
5. Sambandsþingið leggur sérstaka áherzlu á, að komið verði upp, svo fljótt sem unnt er, sérstakri deild í íslenskum atvinnufræðum við háskólann.
6. Sambandsþingið telur nauðsyn á, að skólamálum landsins verði sem fyrst komið í fast kerfi.
7. Sambandsþingið telur nauðsyn á, að endurskoðuð verði gildandi lög um alla sérskóla.
8. Sambandsþingið leggur áherzlu á, að ákvæðum laga nr. 17 frá

- 1930, gr. 11, um að fræðslumála-
stjóri skuli árlega gefa út yfirlits-
skýrslu um allt skólahald í land-
inu, verði framfylgt.
9. Með því að þing Sambands ungra Sjálfstæðismanna lítur svo á, að þjóðernistilfinningin sé aflvaki framfara, menningar og þjóðar-sjálfstæðis, og með því að það er alkunnugt, að þekking á þjóðlegum fræðum vekur og glæðir sanna þjóðernistilfinningu, skorar þingið á alla Sjálfstæðismenn að beita áhrifum sínum í þá átt, að aukið verði að miklum mun nám í sögu og tungu þjóðar vorrar í öllum skólum landsins.
 10. Sambandsþing ungra Sjálfstæðismanna ályktar: Með því að þingheimi öllum er það fyllilega ljóst, hversu starf kvenna í þágu þjóðfélagsins er afar þýðingarmikið, einkum og sérstaklega með tilliti til uppeldismálanna, er þingið því fylgjandi, að ríkið veiti ríflegan styrk til menningar og sérmenntunar kvenna.